

Stofnun ársins 2025



SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Stofnun ársins 2025

– framkvæmd

Þátttakendur í Stofnun ársins hafa aldrei verið fleiri en nú, en í ár tóku tæplega 18.000 þátt í könnuninni. Reykjavíkurborg er þátttakandi í könnuninni með allt starfsfólk í fjórða sinn en allt ríkisstarfsfólk hefur tekið þátt síðan 2011.

Niðurstöður verða í þremur stofnanaflokkum, líkt og síðustu ár. Flokkarnir eru: ríkisstofnanir, starfsstaðir Reykjavíkurborgar, og sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannajónustu.

Stofnun ársins var framkvæmd í október til desember 2025. Þátttökulistar (netfangalistar) ríkisstofnanna komu almennt frá Skrifstofu kjara- og mannauðsmála. Við gerð þátttökulista var miðað við að starfsfólk væri starfandi í ágúst og október og væri í að lágmarki 20% starfshlutfalli. Listi yfir starfsfólk borgarinnar kom frá Mannauðs- og starfsumhverfissviði borgarinnar. Sjálfseignarstofnanir, fyrirtæki og fleiri vinnustaðir geta óskað eftir þátttöku fyrir allt starfsfólk óháð félagsaðild og senda þá þessir vinnustaðir þátttökulista til Gallup. Sex slíkir vinnustaðir tóku þátt í ár og greiða sjálfir fyrir þátttöku starfsfólks utan Sameykis.

Sex sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannajónustu þáðu boð um að taka þátt í Stofnun ársins fyrir allt starfsfólk en þær voru:

Ás styrktarfélag, Félagsbústaðir, Heilsustofnun NLFÍ, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), Matís ohf. og Orkubú Vestfjarða (OV)

Um könnunina

Stofnun ársins er samstarfsverkefni margra aðila; Sameykis, Skrifstofu kjara- og mannauðsmála, Mannauðs- og starfsumhverfissviðs borgarinnar og svo stofnananna og vinnustaðanna sjálfra. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi vinnustaða og samanburð við aðrar stofnanir. Í könnuninni er hægt að bera saman starfsumhverfi ríkis og borgar með góðum hætti. Einnig er hægt að bera saman niðurstöður þessarar könnunar við niðurstöður á almennum markaði þar sem VR framkvæmir sambærilega könnun, „Fyrirtæki ársins,” meðal félagsfólks VR og fyrirtækja á almennum markaði.

Tilgangur könnunarinnar

Tilgangur með vali á Stofnun ársins er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri við stjórnun mannauðs. Þá nýtist könnunin stjórnendum til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi. Að lokum veitir könnunin aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, skjólstæðinga, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.

Hvernig fer könnunin fram?

Spurningalisti er lagður fyrir starfsfólk á netinu. Mælingin nær yfir níu ólíka þætti, en þannig fæst heilsteypt mynd af innra starfsumhverfi vinnustaðanna. Spurningalistinn er sá sami og notaður hefur verið undanfarin ár og niðurstöður því sambærilegar við fyrri ár.



Hvernig eru þættirnir myndaðir?

Þáttagreining (factor analysis) er notuð til að greina þá undirliggjandi þætti sem eru mældir. Í megindráttum komu fram níu þættir, en þeir eru: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd, ánægja og stolt og jafnrétti. Vægi þáttanna í heildareinkunn ákvarðast af þáttagreiningunni (sjá mynd 1) en vinnustöðunum er síðan raðað eftir heildareinkunninni. Áreiðanleiki þáttanna (Cronbach's Alpha) er mikill og mældist hæstur fyrir stjórnun (0,95), en lægstur fyrir sveigjanleika (0,82).

Starfsstaðir og stofnanir á lista

Stofnanir sem uppfylla þáttökuskilyrði (35% svarhlutfall og að lágmarki 5 svör) komast á lista. Þessum stofnunum er skipt í flokka eftir eðli þeirra og stærð. Stofnanaflokkarnir eru þrír: starfsstaðir borgarinnar (274 starfsstaðir), ríkisstofnanir (139 stofnanir) og svo fyrirtæki og sjálfseignarstofnanir (7 fyrirtæki/sjálfseignarstofnanir). Þessi hluti könnunarinnar byggir á 8.949 svörum frá starfsfólki ríkisins, 5.482 svörum frá starfsfólki borgarinnar og 463 svörum frá starfsfólki sjálfseignarstofnana og fyrirtækja.

Þáttökuskilyrði

Til að stofnun, starfsstaður eða fyrirtæki komi til greina í vali á Stofnun ársins þurfa svör að vera að lágmarki fimm og svarhlutfall að lágmarki 35% – þá er miðað við innsenda lista sem hlutfall af útsendum spurningalistum. Ef vinnustaður býður ekki öllu starfsfólki þátttöku eru þáttökuskilyrði önnur og þá eru auk þess auknar kröfur um fjölda þátttakenda eftir því sem vinnustaðurinn stækkar.

Könnunin nær til allra starfsstaða Reykjavíkurborgar, allra ríkisstofnana sem og til alls félagsfólks Sameykis sem er í 20% starfshlutfalli eða meira og hefur verið félagsfólk í a.m.k. þrjá mánuði. Félagsfólk Sameykis starfar víða, t.d. hjá ríki og sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum og fyrirtækjum í annarri opinberri eigu. Þessir vinnustaðir eru einnig með í vali á Stofnun ársins svo fremi sem þeir uppfylli þáttökuskilyrðin (sjá ofan). Þá geta þessir vinnustaðir óskað eftir þátttöku í Stofnun ársins og boðið öllu starfsfólki að svara könnuninni.

Aðgengi að ítarlegri niðurstöðum


Hjá Reykjavíkurborg verða niðurstöður starfsstaða birtar stjórnendum í skýrslu ef sviðið sem starfsstaðurinn tilheyrir hefur náð 35% svarhlutfalli og að lágmarki hafi borist 5 svör frá starfsstaðnum.

Allar ríkisstofnanir sem eru þátttakendur í könnuninni fá senda skýrslu með niðurstöðum svo fremi sem skilyrði um lágmarkssvörun séu uppfyllt (þ.e. 35% svarhlutfall og fimm svör að lágmarki). Hver stofnun fær samanburð við stofnanaflokk og ríkisstofnanir í heild.


Öðrum vinnustöðum og fyrirtækjum sem tóku þátt fyrir allt starfsfólk gefst kostur á að kaupa skýrslu frá Gallup, svo framarlega sem skilyrði um svörun séu uppfyllt (sbr. ofan).

Í skýrslunni sem vinnustaðir fá er borin saman meðaltalseinkunn hverrar spurningar hjá viðkomandi vinnustað við meðaltalseinkunn allra vinnustaða. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við.

Ef óskað er frekari upplýsinga má hafa samband við Tómas Bjarnason (tomas.bjarnason@gallup.is).



Mynd 1: Vægi þátta í heildareinkunn



Mynd 2: Þátttaka í könnuninni eftir kyni. Fólk með annað kyn en karl eða kona var minna en 1%.

Alls fengust gild svör frá nærri 18.000 einstaklingum og hafa svörin aldrei verið fleiri. Þar af voru rúmlega 11.000 svör frá starfsfólki ríkisstofnana, ríflega 6.000 svör frá starfsfólki Reykjavíkurborgar og ríflega 800 svör frá öðrum vinnustöðum. Svarhlutfall, gildir listar af endanlegu úrtaki, var tæplega 52%, sem er sama hlutfall og á síðasta ári.



Mynd 3: Þáttökahlutfall í könnuninni

Stofnun ársins

- ríkisstofnanir

Stærðarflokkar ríkisstofnana eru þeir sömu og í síðustu könnun. Í töflu 1 má sjá stærðarflokkana og fjölda svarenda í hverjum stærðarflokki. Í heildina komust 139 ríkisstofnanir á lista, einni færri en í fyrra.

Tafla 1. Þrír stærðarflokkar ríkisstofnana

	Fjöldi stofnana	Fjöldi svarenda
Stórar stofnanir (starfsfólk er 90 og fleira)	46	6.335
Meðal stórar (starfsfólk er 40-89)	41	1.839
Litlar stofnanir (starfsfólk er 5-39)	52	775

Stofnanir ársins

Stofnanir ársins eru þrjár það er sú stofnun sem fékk hæstu heildareinkunn úr vegnu meðaltali úr þáttunum níu í hverjum stærðarflokki (sjá töflu 2).

Tafla 2. Ríkisstofnanir ársins

2025	Heildareinkunn
Menntaskólinn í Kópavogi (stór stofnun, starfsfólk er 90 eða fleira)	4,487
Menntaskólinn á Egilsstöðum (meðalstór stofnun, starfsfólk er 40-89)	4,562
Menntaskólinn á Tröllaskaga (lítill stofnun, starfsfólk er 5-39)	4,840

Fyrirmyndarstofnanir 2025

Í hverjum stærðarflokki hljóta efstu fimm stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnanir.

Tafla 3. Fyrirmyndarstofnanir stórra ríkisstofnana – starfsfólk er 90 og fleira

Stórar stofnanir	Heildareinkunn
1. Menntaskólinn í Kópavogi	4,487
2. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,405
3. Vínbúðin - ÁTVR	4,382
4. Fjölbrautaskólinn við Ármúla	4,344
5. Fjármála- og efnahagsráðuneytið	4,264

Þrír framhaldsskólar eru í efstu fimm sætunum eins og í fyrra. Skólarnir í tveimur efstu sætum hafa sætaskipti. Menntaskólinn í Kópavogi er sigurvegari stórra stofnana, en hann var í öðru sæti í fyrra. Í öðru sæti er Fjölbrautarskóli Suðurnesja sem var í fyrsta sæti í fyrra. Vínbúðin er í þriðja sæti, Fjölbrautarskólinn við Ármúla í því fjórða og Fjármála- og efnahagsráðuneytið í því fimmta. Þessar stofnanir hafa oft verið meðal efstu stofnana.

Tafla 4. Fyrirmyndarstofnanir meðalstórra ríkisstofnana

Meðal stórar stofnanir	Heildareinkunn
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum	4,562
2. Þjóðskrá Íslands	4,409
3. Menntaskólinn á Ísafirði	4,398
4. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	4,393
5. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4,381

Í flokki meðalstórra stofnana (sjá töflu 4) er sigurvegarinn Menntaskólinn á Egilsstöðum. Þjóðskrá Íslands er

í öðru sæti, en hún var í fyrsta sæti í fyrra. Menntaskólinn á Ísafirði er í þriðja sæti en skólinn var í öðru sæti í fyrra. Stofnun Árna Magnússonar er í fjórða sæti og Fjölbrautarskólinn í Garðabæ í því fimmta en báðar þessar stofnanir hafa verið ofarlega á lista síðustu ár.

Tafla 5. Fyrirmyndarstofnanir lítilla ríkisstofnana

Lítlar stofnanir		Heildareinkunn
1.	Menntaskólinn á Tröllaskaga	4,840
2.	Kvikmyndasafn Íslands	4,799
3.	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4,791
4.	Verkmenntaskóli Austurlands	4,670
5.	Sjónstöðin	4,636

Mikill stöðugleiki er í efstu sætum í flokki lítilla stofnana (sjá töflu 5). Fjórar af þessum fimm stofnunum voru í fimm efstu sætum í fyrra. Menntaskólinn á Tröllaskaga er í efsta sæti. Hann var í þriðja sæti í fyrra og öðru sæti í hittiðfyrra. Í öðru sæti er Kvikmyndasafn Íslands sem var sigurvegarinn í fyrra. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er í þriðja sæti en hann var í öðru sæti í fyrra og efsta sæti í hittiðfyrra. Verkmenntaskóli Austurlands er í fjórða sæti og hann tekur gott stökk frá mælingunni í fyrra. Í fimmta sætinu er svo Sjónstöðin og þau vermdu einnig fimmta sætið í fyrra.

Stofnun ársins

– sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannabjónustu

Sérstakur listi er fyrir sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannabjónustu. Alls náðu sjö stofnanir þátttökuskilyrðum. Efst á lista meðal sjálfseignarstofnanna og fyrirtækja er Gló stuðningsfélag sem kemur nýtt inn á lista en það hét áður Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Heilsustofnunin NLFÍ er í öðru sæti en var í fyrsta sæti í fyrra. LSR er í þriðja sæti en var í öðru sæti í fyrra. LSR og Heilsustofnunin hafa verið ofarlega á lista árum saman og þær buðu öllu starfsfólki þátttöku, óháð stéttarfélagsaðild. Niðurstöður Gló stuðningsfélags eru byggðar á svörum Sameykisfélaga einvörðungu. Gló stuðningsfélag vinnur að „aukinni samfélagsþátttöku barna og ungmenna með fjölbreyttar áskoranir og stuðningsþarfir,” eins og segir á heimasíðu félagsins.

Tafla 6. Sjálfseignarstofnanir í almannabjónustu

		Heildareinkunn
1.	Gló stuðningsfélag *	4,408
2.	Heilsustofnun NLFÍ	4,384
3.	LSR	4,332

* Niðurstöður eru byggðar á svörum Sameykisfélaga einvörðungu

Hvaða vinnustaður stekkur hæst?

Hástökkvari ríkisstofnanna er **Menntaskólinn í Reykjavík**. Skólinn stekkur hæst allra ríkisstofnana, eða um 31 sæti. Þá er átt við sæti á raðeinkunninni. Við útreikning á hástökkvörum er fyrst reiknuð raðeinkunn fyrir allar stofnanir á bilinu 1-100 og svo er reiknaður munur á raðeinkunn milli ára.

Hástökkvari starfsstöðva borgarinnar er **Skammtímadvöl Árland**. Við útreikning á hástökkvörum er notuð sama aðferð og sagt er frá hér að ofan. Með þessari reikniaðferð stekkur Skammtímadvöl Árland hæst allra, eða um 60 sæti.

Stofnun ársins

– borg og bær

Þetta er fjórða árið sem Reykjavíkurborg tekur þátt fyrir allt starfsfólk. Alls náðu 274 starfsstaðir lágmarksviðmiðum og taka þátt í vali á Stofnun ársins – borg og bær. Listanum er skipt í þrennt, þ.e. litlir, meðalstórir og stórir starfsstaðir (sjá töflu 7).

Tafla 7. Þrír stærðarflokkar starfsstaða borgarinnar

Stærðarflokkun starfsstaða	Fjöldi starfsstaða	Fjöldi svarenda
Stórir starfsstaðir (starfsfólk er 50 og fleira)	47	2.612
Meðalstórir starfsstaðir (starfsfólk er 25-49)	78	1.664
Litlir starfsstaðir (starfsfólk er 5-24)	149	1.568

Sæmdarheitið „Stofnun ársins – borg og bær“ fær sá starfsstaður sem fær hæstu heildareinkunn úr vegnu meðaltali úr þáttunum níu í hverjum stærðarflokki (sjá töflu 8).

Tafla 8. Stofnun ársins – borg og bær

Efstu starfsstaðir í hverjum stærðarflokki	Heildareinkunn	Stærðarflokkur
Hitt Húsið	4,691	Starfsfólk er 50 og fleira
Leikskólinn Gullborg	4,663	Starfsfólk er 25-49
Félagsmiðstöðin Vígyn - Víkurskóla	4,923	Starfsfólk er 5-24

Fyrirmyndarstarfsstaðir borgarinnar

Í hverjum stærðarflokki hljóta efstu fimm stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnanir eins og sjá má í töflum 9, 10 og 11.

Tafla 9. Fyrirmyndarstarfsstaðir borgarinnar – stórir starfsstaðir

Stærstu starfsstaðir (starfsfólk er 50 eða fleira)		Heildareinkunn
1.	Hitt Húsið	4,691
2.	Leikskólinn Rauðhóll	4,440
3.	Álftamýrarskóli	4,389
4.	Háteigsskóli	4,372
5.	Skrifstofa velferðarsviðs	4,369

Sigurvegarinn í hópi stærstu starfsstaða er Hitt Húsið, eins og áður hefur komið fram, en þau voru einnig í fyrsta sæti í fyrra og í hittiðfyrra í milli stórum flokki. Í öðru sæti er Leikskólinn Rauðhóll sem einnig var í öðru sæti í fyrra. Álftamýrarskóli er í þriðja sæti en hann var í fjórða sæti í fyrra. Háteigsskóli, er í fjórða sæti en hann var í þriðja sæti í fyrra. Í fimmta sæti er Skrifstofa velferðarsviðs. Mikill stöðugleiki er því í efstu sætunum, eins og sjá má.

Tafla 10. Fyrirmyndarstarfsstaðir borgarinnar, meðalstórir starfsstaðir

Milli-stórir starfsstaðir (starfsfólk er 25-49)		Heildareinkunn
1.	Leikskólinn Gullborg	4,663
2.	Leikskólinn Álftaborg	4,586
3.	Skammtímadvöl Árland	4,570
4.	Félagsmiðstöðin Askja	4,558
5.	Íbúðakjarni Kambavaði	4,541

Sigurvegari í hópi starfsstaða í milli stærð er Leikskólinn Gullborg sem var í öðru sæti í fyrra. Leikskólinn Álfaborg er í öðru sæti en var í fjórða sæti í fyrra. Í þriðja sæti er svo Skammtímadvöl Árlandi, en það er einnig sá starfsstaður sem stekkur hæst allra starfsstaða borgarinnar. Félagsmiðstöðin Askja er í fjórða sæti, en hún náði ekki inn á lista í fyrra. Íbúðakjarni Kambavaði er svo í fimmta sæti, en þau voru einnig hátt á lista í fyrra, þó þau hafi ekki komist inn á lista fyrirmyndarstofnana.

Tafla 11. Fyrirmyndarstarfsstaðir borgarinnar: litlir starfsstaðir

Minnstu starfsstaðir (starfsfólk er 5-24)		Heildareinkunn
1.	Félagsmiðstöðin Vigin - Víkurskóla	4,923
2.	Félagsmiðstöðin Holtið - Norðlingaskóla	4,883
3.	Félagsmiðstöðin Fjörgyn - Foldaskóla	4,862
4.	Félagsmiðstöðin 105	4,854
5.	Félagsmiðstöðin Buskinn	4,818

Félagsmiðstöðvar eru áberandi á lista fyrirmyndarstarfsstaða í flokki minnstu starfsstaðanna. Í efsta sæti er Félagsmiðstöðin Vigin en hún var ofarlega á lista í fyrra, þó hún fengi ekki sæmdarheitið „Fyrirmyndarstarfsstöð.“ Holtið er í öðru sæti og hún var einnig ofarlega í fyrra, þó ekki væri hún í efstu fimm sætum. Í þriðja sæti er Fjörgyn sem einnig var í þriðja sæti í fyrra. Í fjórða sæti er Félagsmiðstöðin 105 sem var í fimmta sæti í fyrra. Í fimmta sæti er svo Buskinn sem einnig var ofarlega fyrir ári, þó að hún hafi ekki náð inn á lista fimm efstu.


Heildarniðurstöður

– svör alls starfsfólks

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir heildarniðurstöðum könnunarinnar sem er byggð á tæplega 18.000 svörum. Hér er unnið með öll svör, hvort sem vinnustaðurinn komst á lista eða ekki og hvort sem svörin komu frá Reykjavíkurborg, ríkisstofnunum, eða sjálfseignarstofnunum. Niðurstöður hér á eftir víkja því sum staðar frá þeim niðurstöðum sem sagt hefur verið frá hér á undan.

Eins og áður hefur komið fram, byggir valið á Stofnun ársins á vegnu meðaltali níu þátta. Þátturinn launakjör hækkar mikið og enginn þáttanna níu lækkar frá síðustu mælingu (sjá mynd 4).

Frá 2022 hafa orðið jákvæðar breytingar á öllum þáttunum níu, mestar á sveigjanleika (+0,20) og launakjörum (+0,19). Heildareinkunnin hækkar einnig frá 2022 (+0,11). Þetta eru góðar fréttir fyrir starfsfólk og aðra hagsmunaaðila.



Mynd 4: Breytingar á einkunn þátta frá 2024 – öll svör (tæplega 18.000). Þættirnir eru á kvarðanum 1-5. Þar sem 1 er lægst (neikvæðasta svar) og 5 er hæst (jákvæðasta svar).

HEILDAREINKUNN


Heildareinkunnin er vegið meðaltal úr þáttunum níu og er hún notuð við val á stofnun ársins. Stjórnunarþátturinn vegur þýngst í heildarmatinu, en næst þýngst vega þættirnir starfsandi og jafnrétti (sjá mynd 1).

Kvarðinn

Heildareinkunn og einkunnir þáttanna taka gildi á bilinu 1 til 5, þar sem 1 gefur til kynna mesta óánægju en 5 gefur til kynna mesta ánægju eða jákvæðustu afstöðuna. Einkunnir eru flokkaðar í fimm flokka: Mjög góð einkunn er á bilinu 4,5-5,0; frekar góð einkunn á bilinu 3,5-4,4; hvorki góð né slæm einkunn er á bilinu 2,5-3,4; frekar slæm einkunn á bilinu 1,5-2,4; og mjög slæm einkunn er á bilinu 1,0-1,4.

Meðaltal heildareinkunnar er 4,08 (mæld á kvarðanum 1-5) og hækkar um 0,04 frá síðustu mælingu. Heildareinkunnin hefur aldrei verið hærri og hefur hækkað um 0,11 frá 2022. Ríflega fjórðungur gefur vinnustaðnum sínum „mjög góða“ heildareinkunn (einkunn á bilinu 4,5 til 5,0). Mynd 5 sýnir meðaltal heildareinkunnar eftir stofnanaflokki. Í flokknum „Aðrir vinnustaðir“ eru sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannapjónustu, auk fleiri vinnustaða.

Heildareinkunn yngsta aldurshópsins (yngri en 30 ára) er hærri en annarra aldurshópa. Heildareinkunn stjórnenda er hærri en annarra starfsstétta. Þá fá minni vinnustaðir hærri heildareinkunn en stærri vinnustaðir (sjá töflu 12).



Mynd 5: Heildareinkunn 2024 og 2025 – öll svör (tæplega 18.000) eftir stofnanaflokki

Tafla 12. Hæstu og lægstu einkunnir í heildareinkunn

Heildareinkunn	Hæstu meðaltöl	Lægstu meðaltöl
Stærð vinnustaða	Minnstu	Stærstu
Aldur	30 ára og yngri	Aðrir aldurshópar
Starf	Stjórnendastarf	Öryggis-, eftirlitsstarf, húsvarsla og ræstingar


Stjórnun

Stjórnun vegur þýngst í heildarmatinu í Stofnun ársins. Þátturinn er byggður á 10 spurningum, til dæmis hvort starfsfólk beri traust til stjórnenda, hvort það fái stuðning frá yfirmanni og telji viðkomandi koma fram af sanngirni.

Meðaleinkunn stjórnunarþáttarins er 4,20 (mæld á kvarðanum 1-5) og hefur einkunni aldrei verið hærri. Nærri helmingur gefur stjórnun „mjög góða“ einkunn, það er einkunn á bilinu 4,5 til 5,0. Stjórnunarþátturinn er hæstur meðal yngsta hópsins (yngri en 30 ára) og lækkar með hækkandi aldri. Þátturinn er hærri hjá borginni en hjá öðrum stofnanaflokkum. Stjórnendur eru ánægðastir með stjórnunina og starfsfólk minni vinnustaða gefur almennt hærri einkunn á stjórnunarþættinum en starfsfólk stærri vinnustaða.


Þrír af fjórum segja vinnustaðnum vel stjórnað

Ein spurning í stjórnunarþættinum lítur að því hvort fólk telji að vinnustaðnum sé vel stjórnað. Niðurstöður sýna að þrír af hverjum fjórum svarendum telja að svo sé (sjá mynd 6). Einnig sjáum við að hlutfallið hefur verið að þokast upp á við síðustu ár.



Mynd 6: Hversu vel eða illa telur þú að þínum vinnustað sé stjórnað? – öll svör (tæplega 18.000 svarendur), ríki, borg, sjálfseignarstofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar.

Önnur spurning í þættinum lítur að því hvort fólk beri traust til stjórnenda sinnar stofnunar. Niðurstöður sýna að meira en þrír af hverjum fjórum svarendum eru sammála því að þeir beri fullt traust til stjórnenda, sjá mynd 7.




Mynd 7: Ég ber fullt traust til stjórnenda starfsstaðarins/ stofnunarinnar – öll svör (tæplega 18.000 svarendur), ríki, borg, sjálfseignarstofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar

Starfsandi

Einkunn fyrir starfsanda er 4,30 sem er svipuð einkunn og fyrir ári. Nærri 46% svarenda gefur starfsanda „mjög góða“ einkunn, það er einkunn á bilinu 4,5 til 5,0.

Stjórnendur eru ánægðastir með starfsandann af starfsstéttunum og starfsfólk minni vinnustaða er ánægðara með starfsandann en starfsfólk stærri vinnustaða.

Matíð er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda, til dæmis hvort fólki komi vel saman við samstarfsfólk sitt og telji starfsanda afslappaðan og óþvingaðan. Ríflega átta af hverjum tíu svarendum eru sammála því að starfsandi sé afslappaður og óþvingaður (sjá mynd 8).




Mynd 8. „Starfsandi er venjulega afslappaður og óþvingaður“ – öll svör (tæplega 18.000 svarendur)

Launakjör

Þátturinn „launakjör“ er byggður á spurningum um ánægju með laun, sanngirni launa og samanburði á eigin launum við laun annarra á sambærilegum vinnustöðum. Launakjör er sá þáttur könnunarinnar sem ávallt mælist lægstur, þ.e. með minnstu ánægju.

Þátturinn launakjör hækkar mest þátta frá því í fyrra og er einnig sá þáttur sem hefur hækkað mest frá 2022 (sjá mynd 9). Þátturinn tók dýfu í fyrra en hækkar mikið núna og hefur einkunnin aldrei verið hærri, þó eru aðeins 4% sem gefa launakjörum „mjög góða“ einkunn, það er einkunn á bilinu 4,5 til 5,0.




Mynd 9. Þátturinn launakjör – þróun 2022-2025 – öll svör (tæplega 18.000 svarendur).

Ein spurning í könnuninni varðar ánægju með laun. Eins og sjá má á mynd 10 hefur ánægja vaxið frá síðustu könnun og dregið úr óánægju. Þó eru enn um 28% óánægð með launin.

Karlar eru að jafnaði ánægðari með laun sín en konur. Um 30% kvenna eru óánægðar með launin en um 25% karla.

Yngstu svarendurnir eru ánægðari með laun sín en aðrir aldurshópar. Fólk í sölu- og afgreiðslustörfum og stjórnendur eru ánægðari með laun sín en aðrar starfsstéttir og starfsfólk minni vinnustaða er ánægðara en starfsfólk stærri vinnustaða. Þetta er endurtekið mynstur í þessari könnun.




Mynd 10. Ánægja með launakjör – öll svör (tæplega 18.000 svarendur)

Vinnuskilyrði

Mat á vinnuskilyrðum er fengið með sjö spurningum sem snúa að ánægju með rýmið, öryggi, lýsingu og fleira sem heyrir undir aðbúnað og vinnuskilyrði. Einkunnin í ár mælist 3,83, mældist 3,77 í fyrra en 3,74 fyrir tveimur árum. Einkunnin þokast því í rétta átt. Nærri fjórðungur gefur vinnuskilyrðum „mjög góða“ einkunn (einkunn á bilinu 4,5-5,0).

Karlar eru ánægðari með vinnuskilyrði en konur. Yngsti (yngri en 30 ára) svarendahópurinn eru ánægðari með vinnuskilyrði en aðrir aldurshópar að undanskildum elsta hópnum. Stjórnendur eru ánægðastir allra starfsstétta. Þá er starfsfólk á minnstu vinnustöðunum ánægðara en starfsfólk á stærstu vinnustöðunum. Af þeim atriðum sem spurt var um er mest ánægja með öryggi en minnst ánægja með hljóðvist og loftgæði, sjá mynd 11.



Mynd 11. Ánægja með vinnuskilyrði, hlutfall starfsfólks sem er ánægt (mjög eða frekar) með hvert atriði – öll svör (tæplega 18.000 svarendur)


Sveigjanleiki vinnu

Þátturinn um sveigjanleika í vinnu er samsettur úr fimm spurningum. Þar sem spurt er um til dæmis hvort fólk eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf, hvort fólk geti skotist frá vinnu, hvort fólk geti farið úr vinnu með litlum fyrirvara og hvort það geti tekið sumarfrí á þeim tíma sem því hentar. Mat á sveigjanleika mælist 4,21 og hækkar um 0,05 frá því í fyrra. Nærri tveir af fimm gefa sveigjanleika „mjög góða“ einkunn (einkunn á bilinu 4,5-5,0). Næstum enginn gefur sveigjanleika mjög slæma einkunn (0,2%).

Sveigjanleiki er mestur hjá skrifstofufólki sem gefur sveigjanleika mun hærri einkunn en aðrar starfsstéttir. Því næst koma stjórnendur. Sveigjanleiki er minnstur í flokknum „öryggis-, eftirlitsstörf, húsvarsla og ræstingar.“

Minni sveigjanleiki er hjá stærstu vinnustöðunum í samanburði við þá minnstu. Talsverður munur er á mati á sveigjanleika eftir atvinnugrein og er sveigjanleiki minni í löggæslu, dómstólum og fangelsum en meiri í flokknum og heilbrigðis- og félagsþjónustu en mestur í flokknum „Innheimtumenn ríkissjóðs, almannatryggingar og lánasjóðir.“

Ein spurning sem tilheyrir sveigjanleikaþættinum er „Ertu ánægð(ur)(t) eða óánægð(ur)(t) með þann sveigjanleika sem þú hefur í vinnunni?“ Ríflega 88% eru ánægð með sveigjanleikann í vinnunni en aðeins tæplega 4% óánægð með hann.



Mynd 12. „Ertu ánægð(ur)(t) eða óánægð(ur)(t) með þann sveigjanleika sem þú hefur í vinnunni?“ – öll svör (tæplega 18.000 svarendur)

Sjálfstæði í starfi

Sjálfstæði í starfi er metið með fjórum spurningum, eins og hversu góð tök starfsfólki finnst það hafa á starfi sínu, hversu góða yfirsýn það telur sig hafa yfir verkefni og þau áhrif sem fólk hefur í starfi sínu. Sjálfstæði í starfi mælist nú 4,23 og hækkar um 0,04 frá síðustu mælingu. Næstum 45% gefa sjálfstæði „mjög góða“ einkunn (á bilinu 4,5 til 5,0).

Sjálfstæði í starfi er mest í elsta hópnum (60 ára og eldri), enda nær fólk yfirleitt betri tökum á starfi sínu með tímanum og oft getur fólk líka með tímanum aðlagð starfið að styrkleikum sínum.

Stjórnendur hafa mest sjálfstæði ef ólík störf eru skoðuð, en það mælist lægst hjá starfsfólki sem starfar í flokknum „öryggis-, eftirlitsstörf, húsvarsla og ræstingar“ og meðal gjaldkera og fólks í móttöku og við sí mavörslu. Sjálfstæði í starfi er meira hjá starfsfólki minnstu vinnustaðanna en hjá þeim stærstu.

ÍMYND

Mat á ímynd er fengið með þremur spurningum, t.d. hvort starfsfólk telji viðskiptavinum hafa jákvæða afstöðu til vinnustaðarins. Hér er því um að ræða mat starfsfólks á ímynd vinnustaðar. Mat á ímynd mælist 3,92 og hækkar um 0,04 frá því í fyrra. Ríflega 27% gefa ímynd „mjög góða“ einkunn (á bilinu 4,5 til 5,0).

Aldurshóparnir 30-39 ára og 40-49 ára hafa neikvæðari mynd af ímynd síns vinnustaðar en bæði yngri og eldri aldurshópar. Fólk í flokknum „öryggis-, eftirlitsstörf, húsvarsla og ræstingar“ hefur neikvæðustu mynd af ímynd vinnustaðarins, en leiðbeinendur, stuðningsfulltrúar, skólaliðar hafa jákvæðustu mynd af ímynd síns vinnustaðar. Starfsfólk lítilla vinnustaða hefur mun jákvæðari mynd af vinnustaðnum en starfsfólk stærri vinnustaða.

JAFNRÉTTI

Jafnréttisþátturinn byggir á sex spurningum sem snúa m.a. að jafnrétti almennt, jafnrétti kynja, auk spurningar um fjölbreytni starfsmannahópsins. Einkunn á þættinum mælist 4,37 og hækkar um 0,04 frá því í fyrra. Næri 56% svarenda gefur jafnrétti „mjög góða“ einkunn (einkunn á bilinu 4,5 til 5,0).

Karlar eru ánægðari með stöðu jafnréttis en konur og er það iðulega svo í spurningum um jafnrétti, þ.e. karlar telja frekar að jafnrétti sé til staðar en konur, hvort sem spurt er um jafnrétti á vinnustaðnum eða í samfélaginu almennt. Stjórnendur eru ánægðastir með jafnrétti af starfsstéttunum ásamt leiðbeinendum, skólaliðum og stuðningsfulltrúum. Starfsfólk minnstu vinnustaðanna er ánægðara með stöðu jafnréttis en starfsfólk stærstu vinnustaðanna. Ungt fólk er ánægðara með jafnrétti en aðrir aldurshópar.

ÁNÆGJA OG STOLT

Mat á ánægju og stolti er byggt á fjórum spurningum, þ.e. ánægju með starfið, líðan í starfi, hvort viðkomandi getur mælt með vinnustaðnum og hvort viðkomandi er stolt(ur) af stofnuninni eða starfsstaðnum. Einkunnin nú er 4,25 og hækkar um 0,03 frá því í fyrra. Ríflega helmingur svarenda gefur ánægju og stolti „mjög góða“ einkunn (einkunn á bilinu 4,5 til 5,0).

Stjórnendur eru ánægðastir og stoltastir allra starfsstétta og það dregur úr ánægju og stolti eftir því sem vinnustaðurinn stækkar.

Hvað segir félagsfólk Sameykis?


Ef skoðuð eru svör annarsvegar Sameykisfélaga og svo þeirra sem ekki tilheyra Sameyki kemur í ljós að svör Sameykisfélaga eru að mestu svipuð svörum annarra í könnuninni, sjá mynd 13. Þó má sjá að félagsfólk Sameykis er sáttara með suma þætti á vinnustaðnum, sérstaklega launakjör, en einnig ímynd, sveigjanleika og sjálfstæði.

Viðhorf til launa jákvæðara hjá félagsfólki Sameykis en hjá öðrum svarendum

Þemaspurningar

Á hverju ári eru valin þemu sem Sameyki í samvinnu við fulltrúa frá Reykjavíkurborg og ríki velja til viðbótar við þær spurningar sem mynda niðurstöður fyrir Stofnun ársins.

Að þessu sinni var spurt um vinnutíma (vaktavinnu) og ýmislegt tengt veikindafjarvistum, t.d. hvernig fólk tilkynnir fjarvistir á sínum vinnustað. Niðurstöður úr þessum spurningum verða kynntar síðar.



Mynd 13: Einkunnir allra þátta – svör Sameykisfélaga (ríflega 4.700 svör) borin saman við svör annarra (ríflega 13.100 svör) – samtals tæplega 18.000 svör.

STOFNUN ÁRSINS Ríkisstofnanir - Einkunnir einstakra stofnana (alls 775 svarendur)

Stofnanir með 5-39 starfsmenn	Heildar-einkunn	Vikmörk	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	4.261	+/-0.08	4.37	4.45	3.41	4.10	4.48	4.38	4.03	4.45	4.45	
1. Menntaskólinn á Tröllaskaga	4.840	+/-0.02	4.87	4.92	4.21	4.92	4.76	4.90	4.91	4.91	4.96	80-100%
2. Kvikmyndasafn Íslands	4.799	+/-0.00	4.89	5.00	3.61	4.73	4.94	5.00	4.90	4.96	4.90	80-100%
3. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4.791	+/-0.05	4.84	4.90	4.17	4.84	4.76	4.82	4.75	4.90	4.93	60-69%
1. Menntaskólinn á Tröllaskaga	4.840	+/-0.02	4.87	4.92	4.21	4.92	4.76	4.90	4.91	4.91	4.96	80-100%
2. Kvikmyndasafn Íslands	4.799	+/-0.00	4.89	5.00	3.61	4.73	4.94	5.00	4.90	4.96	4.90	80-100%
3. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4.791	+/-0.05	4.84	4.90	4.17	4.84	4.76	4.82	4.75	4.90	4.93	60-69%
4. Verkmenntaskóli Austurlands	4.670	+/-0.07	4.82	4.84	3.93	4.67	4.60	4.51	4.60	4.88	4.84	50-59%
5. Sjónstöðin	4.636	+/-0.06	4.75	4.70	3.73	4.74	4.72	4.49	4.91	4.79	4.66	70-79%
6. Framhaldsskólinn á Húsavík	4.606	+/-0.10	4.76	4.88	3.63	4.71	4.37	4.66	4.52	4.82	4.71	70-79%
7. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála	4.593	+/-0.16	4.67	4.71	3.93	4.61	4.91	4.68	4.30	4.71	4.67	70-79%
8. Hugverkastofan	4.590	+/-0.04	4.71	4.70	3.69	4.69	4.86	4.72	4.69	4.66	4.47	80-100%
9. Geislavarnir ríkisins	4.559	+/-0.00	4.65	4.64	3.64	4.23	4.64	4.59	4.94	4.72	4.77	80-100%
10. Úrskurðarnefnd velferðarmála	4.523	+/-0.00	4.70	4.71	3.57	4.27	4.91	4.75	4.28	4.54	4.76	80-100%
11. Fjölbrautaskóli Snæfellinga	4.496	+/-0.11	4.50	4.83	3.81	4.63	4.41	4.66	3.94	4.69	4.72	70-79%
12. Neytendastofa	4.493	+/-0.08	4.72	4.72	3.17	4.64	4.73	4.58	4.06	4.58	4.81	80-100%
13. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	4.489	+/-0.04	4.82	4.89	3.05	4.21	4.52	4.60	4.36	4.77	4.67	80-100%
14. Listasafn Íslands	4.457	+/-0.07	4.74	4.62	3.56	4.16	4.61	4.48	4.41	4.63	4.59	80-100%
15. Hljóðbókasafn Íslands	4.454	+/-0.00	4.57	4.72	3.11	4.36	4.40	4.67	4.67	4.88	4.41	80-100%
16. Jafnréttisstofa	4.429	+/-0.00	4.67	4.83	3.89	3.20	4.93	4.75	4.06	4.71	4.68	80-100%
17. Menntaskólinn að Laugarvatni	4.410	+/-0.23	4.56	4.67	3.63	4.28	4.17	4.67	4.49	4.54	4.42	60-69%
18. Ríkislögmáður	4.407	+/-0.30	4.66	4.60	3.63	4.29	4.48	4.45	3.80	4.90	4.52	35-49%
19. Lögreglan í Vestmannaeyjum	4.401	+/-0.00	4.77	4.78	3.70	4.17	4.23	4.28	3.89	4.58	4.67	80-100%
20. Byggðastofnun	4.368	+/-0.08	4.27	4.35	3.15	4.61	4.71	4.44	4.31	4.57	4.71	80-100%
21. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	4.359	+/-0.18	4.31	4.49	3.67	4.47	3.74	4.46	4.54	4.51	4.71	35-49%
22. Kærunefnd útlendingamála	4.312	+/-0.11	4.55	4.75	3.54	4.26	4.74	4.50	3.07	4.68	4.42	70-79%
23. Kvikmyndamiðstöð Íslands	4.303	+/-0.00	4.76	4.90	3.73	3.78	4.57	3.96	3.48	4.43	4.57	80-100%
24. Ríkissaksóknari	4.298	+/-0.16	4.43	4.53	3.90	4.19	4.42	4.83	3.26	4.61	4.39	80-100%
25. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	4.292	+/-0.15	4.45	4.47	3.08	4.14	4.58	4.33	4.38	4.57	4.36	50-59%
26. Samkeppniseftirlitið	4.249	+/-0.09	4.35	4.60	3.54	4.28	4.55	4.34	3.23	4.41	4.63	80-100%
27. Framhaldsskólinn á Laugum	4.247	+/-0.09	4.08	4.20	3.71	4.48	4.21	4.24	4.52	4.51	4.25	80-100%
28. Náttúruminjasafn Íslands	4.223	+/-0.21	4.35	4.42	3.71	3.67	4.75	4.25	4.23	4.31	4.26	80-100%
29. Forsætisráðuneytið	4.216	+/-0.10	4.46	4.65	3.22	3.98	4.15	4.45	3.95	4.68	4.08	60-69%
30. Fjarskiptastofa	4.200	+/-0.05	4.41	4.37	3.50	3.80	4.74	4.43	3.94	4.38	4.16	80-100%
31. Skipulagsstofnun	4.182	+/-0.19	4.16	4.11	3.03	4.17	4.65	4.23	4.25	4.38	4.52	50-59%
32. Samskiptamiðstöð heyrnarlauras og heyrnarskertra	4.180	+/-0.11	4.42	4.25	3.16	4.45	4.26	4.06	3.82	4.40	4.39	70-79%
33. Minjastofnun Íslands	4.136	+/-0.06	4.24	4.75	2.40	4.05	4.72	4.16	3.58	4.38	4.46	80-100%
34. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála	4.126	+/-0.17	4.24	3.94	3.99	3.72	4.62	4.36	4.20	4.23	4.00	80-100%
35. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	4.098	+/-0.15	4.03	4.33	3.58	3.96	4.32	4.25	3.29	4.29	4.62	60-69%
36. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	4.091	+/-0.24	4.49	4.11	3.08	3.13	4.37	4.25	4.24	4.50	4.35	60-69%
37. Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	4.090	+/-0.09	4.23	4.31	3.14	3.82	4.55	4.28	3.95	4.33	4.06	80-100%
38. Sýslumaðurinn á Austurlandi	4.075	+/-0.22	4.07	3.97	3.25	3.86	4.50	4.33	4.07	4.28	4.33	70-79%
39. Íslenski dansflokkurinn	4.074	+/-0.13	4.40	4.33	3.32	3.38	3.70	4.20	4.09	4.25	4.52	80-100%
40. Sýslumaðurinn á Vesturlandi	4.058	+/-0.24	3.96	4.33	3.03	3.40	4.55	4.31	4.31	4.27	4.29	60-69%
41. Persónuvernd	4.033	+/-0.14	4.13	4.31	3.40	4.39	4.72	4.08	2.80	3.87	4.39	80-100%
42. Úrvinnslusjóður	4.021	+/-0.33	4.24	4.33	2.79	3.91	4.28	3.85	3.53	4.30	4.44	70-79%
43. Umboðsmaður skuldara	3.996	+/-0.00	3.93	3.93	3.54	4.40	4.74	4.27	3.75	4.09	3.58	80-100%
44. Ferðamálastofa	3.993	+/-0.05	4.25	4.39	3.14	3.18	4.61	4.36	3.51	4.25	4.08	80-100%
45. Sýslumaðurinn á Suðurlandi	3.984	+/-0.11	4.15	4.30	2.83	3.42	4.21	4.13	4.05	4.18	4.27	70-79%

Stofnanir með 5-39 starfsmenn	Heildar-einkunn	Vikmörk	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	4.261	+/-0.08	4.37	4.45	3.41	4.10	4.48	4.38	4.03	4.45	4.45	
46. Lögreglan á Austurlandi	3.928	+/-0.08	4.22	4.13	2.95	3.66	4.03	4.17	3.67	4.03	4.15	80-100%
47. Menntasjóður námsmanna	3.900	+/-0.12	3.83	4.25	2.67	4.19	4.32	4.35	2.72	4.19	4.32	70-79%
48. Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	3.899	+/-0.13	3.87	4.07	2.93	3.74	4.23	4.08	3.61	4.12	4.25	80-100%
49. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	3.889	+/-0.38	3.66	3.74	3.01	3.87	4.04	4.17	4.00	3.86	4.56	35-49%
50. Þjóðminjasafn Íslands	3.845	+/-0.16	3.82	3.96	3.15	4.00	4.33	4.04	3.45	3.76	4.04	70-79%
51. Lögreglan á Norðurlandi vestra	3.631	+/-0.30	3.19	3.55	3.73	3.35	4.02	3.57	3.70	3.84	3.97	35-49%
52. Lögreglan á Vestfjörðum	3.621	+/-0.45	3.62	3.70	2.86	3.04	3.94	3.88	3.67	3.75	4.03	35-49%

STOFNUN ÁRSINS Ríkisstofnanir - Einkunnir einstakra stofnana (alls 1839 svarendur).

Stofnanir með 40 til 89 starfsmenn	Heildar-einkunn	Vikmörk	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	4.100	+/-0.08	4.14	4.31	3.18	4.04	4.28	4.26	3.92	4.26	4.30	
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum	4.562	+/-0.07	4.63	4.70	4.08	4.55	4.20	4.58	4.69	4.67	4.70	80-100%
2. Þjóðskrá Íslands	4.409	+/-0.00	4.37	4.55	3.56	4.37	4.71	4.40	4.38	4.50	4.66	80-100%
3. Menntaskólinn á Ísafirði	4.398	+/-0.07	4.56	4.56	3.54	4.31	4.15	4.44	4.59	4.66	4.46	80-100%
4. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	4.393	+/-0.10	4.31	4.47	3.54	4.23	4.46	4.45	4.73	4.60	4.60	50-59%
5. Fjölbautaskólinn í Garðabæ	4.381	+/-0.08	4.44	4.48	3.83	4.28	3.79	4.62	4.61	4.57	4.54	60-69%
6. Vinnueftirlit ríkisins	4.376	+/-0.04	4.39	4.50	3.56	4.58	4.64	4.44	4.08	4.49	4.52	80-100%
7. Náttúrufræðistofnun	4.369	+/-0.05	4.45	4.57	3.00	4.39	4.64	4.38	4.38	4.49	4.68	80-100%
8. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu	4.329	+/-0.07	4.35	4.44	3.61	4.13	4.56	4.13	4.36	4.52	4.64	70-79%
9. Fjölbautaskóli Vesturlands	4.315	+/-0.05	4.46	4.55	3.40	4.37	4.07	4.54	4.25	4.53	4.35	80-100%
10. Tilraunastöð HÍ að Keldum	4.309	+/-0.05	4.41	4.64	2.70	4.23	4.47	4.36	4.31	4.51	4.69	80-100%
11. Innviðaráðuneytið	4.309	+/-0.07	4.56	4.68	3.40	4.08	4.59	4.31	4.01	4.40	4.41	70-79%
12. Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið	4.294	+/-0.05	4.35	4.70	3.35	4.41	4.44	4.21	4.03	4.57	4.29	80-100%
13. Menntaskólinn við Sund	4.281	+/-0.06	4.48	4.50	3.68	3.80	3.95	4.63	4.21	4.54	4.46	80-100%
14. ÍSOR	4.256	+/-0.06	4.29	4.47	3.04	4.08	4.34	4.16	4.44	4.43	4.67	80-100%
15. Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	4.214	+/-0.08	4.18	4.19	3.47	3.93	4.50	4.35	4.12	4.46	4.60	50-59%
16. Rannsóknamiðstöð Íslands	4.193	+/-0.05	4.16	4.52	2.81	4.08	4.47	4.30	4.20	4.44	4.46	80-100%
17. Félags- og húsnæðismálaráðuneytið	4.192	+/-0.03	4.35	4.44	3.46	4.38	4.27	4.21	3.78	4.32	4.23	80-100%
18. Lyfjastofnun	4.184	+/-0.05	4.37	4.48	2.83	4.26	4.44	4.29	4.02	4.35	4.26	80-100%
19. Menntaskólinn í Reykjavík	4.183	+/-0.09	4.21	4.41	3.25	3.88	3.69	4.58	4.25	4.56	4.48	60-69%
20. Kvennaskólinn í Reykjavík	4.181	+/-0.08	4.24	4.31	3.06	3.87	3.78	4.51	4.59	4.49	4.46	70-79%
21. Embætti landlæknis	4.175	+/-0.05	4.27	4.42	3.03	3.97	4.58	4.20	3.96	4.41	4.44	70-79%
22. Þjóðskjalasafn Íslands	4.142	+/-0.09	4.18	4.41	3.05	4.04	4.59	4.31	4.35	4.40	3.87	70-79%
23. Fiskistofa	4.090	+/-0.08	4.31	4.28	3.27	3.81	4.60	4.26	3.25	4.27	4.48	70-79%
24. Lögreglan á Vesturlandi	4.050	+/-0.06	4.05	4.15	3.40	4.14	4.22	4.18	4.00	4.38	3.88	80-100%
25. Menntaskólinn á Akureyri	4.039	+/-0.07	3.99	4.01	3.17	4.04	3.86	4.28	4.27	4.17	4.37	80-100%
26. Ríkisendurskoðun	4.015	+/-0.10	3.76	4.05	3.63	4.64	4.74	4.25	3.43	3.90	3.96	80-100%
27. Héraðssaksóknari	3.996	+/-0.09	4.01	4.19	3.48	3.62	4.50	4.22	3.49	4.15	4.25	70-79%
28. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	3.990	+/-0.21	4.06	4.21	3.15	4.07	3.83	4.31	3.82	4.01	4.19	50-59%
29. Héraðsdómur Reykjavíkur	3.972	+/-0.09	3.95	4.05	3.14	3.68	4.31	4.46	3.49	4.30	4.28	70-79%
30. Atvinnuvegaráðuneytið	3.972	+/-0.11	4.00	4.10	3.26	4.30	4.45	4.04	3.33	3.99	4.15	70-79%
31. Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir	3.931	+/-0.07	3.92	4.21	3.18	4.24	4.31	3.82	3.37	3.90	4.19	70-79%
32. Dómsmálaráðuneytið	3.920	+/-0.07	4.05	4.38	2.79	4.14	4.15	4.09	2.98	4.21	4.10	60-69%
33. Heilbrigðisráðuneytið	3.912	+/-0.08	3.98	4.22	2.86	4.29	4.30	4.11	3.39	4.12	3.77	80-100%

Stofnanir með 40 til 89 starfsmenn	Heildar-einkunn	Vikmörk	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	4.100	+/-0.08	4.14	4.31	3.18	4.04	4.28	4.26	3.92	4.26	4.30	
34. Ráðgjafar - og greiningastöð	3.891	+/-0.06	4.16	4.05	2.17	3.67	4.22	4.24	4.01	3.96	4.15	80-100%
35. Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn	3.870	+/-0.07	3.96	4.19	2.57	3.44	4.14	4.05	4.00	4.13	4.08	80-100%
36. Umbra – þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins	3.864	+/-0.11	3.97	3.96	3.00	3.86	4.23	4.16	3.63	4.02	3.85	70-79%
37. Flensborgarskóli	3.759	+/-0.08	3.39	3.93	3.05	3.76	3.57	4.29	3.73	4.02	4.06	80-100%
38. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	3.748	+/-0.11	3.85	4.31	2.34	3.37	4.35	4.16	3.30	3.89	3.90	60-69%
39. Mennta- og barnamálaráðuneytið	3.706	+/-0.05	3.71	4.24	2.79	3.73	4.22	3.84	2.68	3.88	3.99	80-100%
40. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið	3.534	+/-0.15	3.33	3.59	3.11	3.71	4.10	3.40	3.25	3.34	3.97	60-69%
41. Háskólinn á Hólum	3.400	+/-0.17	3.18	3.47	2.72	2.98	4.18	3.96	3.01	3.21	4.00	60-69%

STOFNUN ÁRSINS
